# Tækniblað
# Grænni tjöruhreinsir

## Vörulýsing

Grænni tjöruhreinsir er kröftugur tjöruhreinsir fyrir yfirborð bíla, vinnuvéla og annarra ökutækja, auk þess er hægt að nota hann til að þrífa tjöru og önnur erfið óhreinindi af slitsterkum yfirborðum eins og kerrum og öðrum tengivögnum.
Grænni tjöruhreinsir inniheldur hvorki terpentínu né önnur rokgjörn lífræn leysiefni.
Grænni tjöruhreinsir inniheldur vistvæn efnasambönd framleidd hérlendis með endurvinnslu úrgangs.

## Notkunarleiðbeiningar

1. Úðið efninu á blautt eða þurrt yfirborð og leyfið því að virka í a.m.k. 5 mínútur. Passið þó að efnið þorni ekki.
2. Ef um mikil óhreinindi er að ræða er gott að nudda erfiða bletti með klút eða mjúkum bursta á meðan efnið er að virka.
3. Skolið vel af með vatni.

Betra er að þvo af laus óhreinindi fyrir tjöruþvott til að tryggja hámarks virkni efnisins. Eftir notkun þess á ökutæki er mælt með sápuþvotti, t.d. með Grænni bílasápu eða annarri sambærilegri vöru, til þess að fá sem bestan gljáa og útkomu

## Eðliseiginleikar

| Eiginleiki | Eining | Gildi |
|---|---|---|
| Form | - | Vökvi |
| Litur | - | Ljósgulur, tær |
| Lykt | - | Dauf efnalykt |
| Sýrustig (pH) | - | 11 |
| Frostmark | °C | 0 |
| Eldfimi | - | Ekki eldfimt |
| Eðlismassi | g/mL | 1,0 |
| Vatnsleysni | - | Leysanlegt |
| Leysni | | Leysist í vatni og etanóli |
| Seigja | cSt | 80-100 |
| Sprengifimi: | - | Ekki sprengifimt |
| Oxunareiginleikar: | - | Ekki oxandi |
| Gruggpunktar<br>Neðri<br>Efri | °C | <br>6-10<br>45-50 |

Allir eiginleikar eru við 20°C nema annað eigi við eða sé tekið fram.



**Gefn ehf.**
Víkurhvarf 8
203 Kópavogur

Sími: 537 5307
@: hello@gefn.is
http://www.gefn.is

## Öryggi og meðhöndlun



**Veldur alvarlegum augnskaða**

| Inniheldur: | Styrkur % |
|---|---|
| Ísótrídekanól, greinótt, etoxýlerað | 15-30 |
| 2-(2-Bútoxýetoxý)etanól | <5 |

Geymist í upprunalegum umbúðum, vel lokuðum, úr beinu sólarljósi og sem næst stofuhita. Forðist að geyma vöru utan ráðlagðra aðstæðna.
Fargið efninu samkvæmt lögum og reglugerðum. Merkið úrgangsefni vel og komið í spilliefnamóttöku.

**Nánari upplýsingar um öryggi og meðhöndlun, þ.m.t. um hlífðarbúnað/persónuhlífar, má nálgast í öryggisblaði vörunnar.**

## Umbúðir

Mikilvægt er að endurvinna eða endurnýta umbúðir.

Þegar umbúðir eru endurunnar skal ganga úr skugga um að búið sé að klára allt hreinsiefni í umbúðunum, því næst skulu umbúðir þrifnar með vatni. Ekki þarf að nota aukaleg hreinsiefni til þrifanna. Skila skal umbúðum og töppum aðgreindum til endurvinnslu.

Umbúðum, sem eru 20 L eða stærri (brúsum, tunnum og bömbum) er hægt að skila til Gefnar til endurnýtingar og eru notendur hvattir til að nýta þann kost. Æskilegt er að tappar séu í/á tunnum og bömbum þegar þeim er skilað til endurnýtingar.

**Grænni tjöruhreinsir fæst í eftirfarandi umbúðastærðum:**

| Umbúðastærð | Vörunúmer |
|---|---|
| 1 lítri | 1011010 |
| 5 lítrar | 1013010 |
| 20 lítrar | 1014010 |
| 200 lítrar | 1015010 |
| 1000 lítrar | 1016010 |